

Fjarðabyggð

Ársreikningur 2025

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Kt. 470698-2099

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 12.231 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 9.727 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 850 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 150 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2025 nam 10.077 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 2.092 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,4% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark með álagi.

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2025 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 26. mars 2026

Bæjarstjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

Bæjarráð:

Ragnar Sigurðsson
Stefán Þór Eysteinnsson
Jón Björn Hákonarson

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 9. apríl 2026

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjarðabyggðar („sveitarfélagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sveitarfélagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reyðarfirði, 9. apríl 2026

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2025

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	6.368.259	6.242.282	5.921.605	6.347.772	6.225.917	5.903.935
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.996.883	1.840.726	1.622.271	1.996.883	1.840.726	1.622.271
Aðrar tekjur	4	1.361.753	1.203.984	1.209.721	3.886.141	3.507.806	3.528.972
		<u>9.726.896</u>	<u>9.286.993</u>	<u>8.753.596</u>	<u>12.230.796</u>	<u>11.574.449</u>	<u>11.055.178</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	5.656.498	5.841.435	5.100.420	6.025.736	6.370.368	5.464.695
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15	599.074	279.436	274.603	602.849	284.579	278.372
Annar rekstrarkostnaður		2.641.612	2.276.096	2.425.775	3.698.897	3.199.377	3.286.328
		<u>8.897.185</u>	<u>8.396.967</u>	<u>7.800.797</u>	<u>10.327.482</u>	<u>9.854.324</u>	<u>9.029.394</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		829.711	890.025	952.799	1.903.314	1.720.125	2.025.784
Afskriftir og virðisrýrnun	8	(318.584)	(312.692)	(307.782)	(698.375)	(690.293)	(668.130)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		511.127	577.333	645.017	1.204.939	1.029.833	1.357.654
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(360.963)	(377.873)	(422.058)	(378.947)	(417.750)	(471.818)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum	9	0	0	0	33.472	0	21.251
Tekjuskattur	10	0	0	0	(9.812)	0	(25.622)
Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi.....		150.164	199.461	222.958	849.652	612.083	881.466
Óvenjulegir liðir		0	0	195.824	0	0	195.824
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	14	<u>150.164</u>	<u>199.461</u>	<u>418.782</u>	<u>849.652</u>	<u>612.083</u>	<u>1.077.290</u>

Efnahagsreikningur

Eignir					
		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2025	2024	2025	2024
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	10.378.262	9.652.650	10.649.665	9.926.250
Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	540.222	563.121	7.014.215	6.726.188
Vélar, áhöld og tæki	8	112.783	123.679	187.780	165.811
Leigðar eignir	8	82.088	89.960	119.895	130.941
		11.113.355	10.429.409	17.971.555	16.949.190
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	790.961	742.486	991.849	917.271
Tekjuskattseign	11	0	0	16.919	17.305
Langtímakröfur	12	63	108	63	108
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	202.535	213.182	234.069	246.374
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	127.687	150.541	0	0
		1.121.245	1.106.317	1.242.899	1.181.058
Fastafjármunir		12.234.600	11.535.726	19.214.454	18.130.248
Veltufjármunir					
Birgðir		0	0	16.650	20.400
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	14	876.248	752.423	1.183.932	1.050.019
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		513.566	457.272	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	28.428	26.180	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	12	39	39	39	39
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	10.645	10.645	12.302	12.302
Aðrar skammtímakröfur		125.518	86.790	129.079	87.633
Handbært fé	3I	949.752	828.852	992.807	830.747
Veltufjármunir		2.504.195	2.162.201	2.334.809	2.001.140
Eignir samtals		14.738.795	13.697.928	21.549.263	20.131.388

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2025	2024	2025	2024
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	15	2.092.469	1.656.837	10.077.671	8.942.551
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	16	3.868.581	3.571.967	4.059.726	3.765.445
Aðrar skuldbindingar	17	16.428	13.658	16.428	13.658
		3.885.009	3.585.625	4.076.154	3.779.103
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	18	3.863.041	4.105.421	5.158.480	5.459.465
Leiguskuldir	19	69.380	89.019	94.185	121.432
Fyrirframinnheimtar tekjur	20	12.432	31.733	12.432	31.733
		3.944.853	4.226.173	5.265.097	5.612.630
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		2.822.253	2.627.112	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	378.061	358.114	471.043	446.042
Næsta árs afborganir leiguskulda	19	22.939	18.205	31.749	25.274
Næsta árs innl. fyrirframinnheimtra tekna	20	76.272	83.891	76.272	83.891
Aðrar skammtímaskuldir		1.516.940	1.141.971	1.551.277	1.241.898
		4.816.464	4.229.293	2.130.341	1.797.104
Skuldir og skuldbindingar samtals		12.646.327	12.041.091	11.471.592	11.188.837
Eigið fé og skuldir samtals					
		14.738.795	13.697.928	21.549.263	20.131.388
Ábyrgðir og skuldbindingar utan					
efnahagsreiknings	22				

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	15	150.164	199.461	418.782	849.652	612.083	1.077.290
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir og virðisrýrnun	8	318.584	312.691	307.782	698.375	690.292	668.130
Verðbætur		139.375	108.488	196.164	181.840	157.354	253.210
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		33.234	0	2.380	15.820	(13.000)	2.380
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum		0	0	0	(33.472)	0	(21.251)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	599.074	285.781	274.603	602.849	289.781	278.372
Yfirtekin lífeyrisskuldbinding	16	0	0	54.226	0	0	54.226
Tekjuskattur, breyting		0	0	0	386	0	2.152
Veltufé frá rekstri		1.240.430	906.421	1.253.937	2.315.451	1.736.509	2.314.508
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	13	10.647	0	10.645	12.305	0	12.302
Birgðir, breyting		0	0	0	3.750	0	(1.500)
Óinnheimtar tekjur, breyting		(123.825)	0	(148.644)	(133.913)	0	(127.867)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		(38.728)	(4.699)	(24.628)	(41.446)	(4.699)	(24.908)
Skammtímaskuldir, breyting		374.884	1.927	(31.671)	309.294	1.927	8.288
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(7.619)	0	29.321	(7.619)	0	29.321
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	16	(302.461)	(287.326)	(311.742)	(308.567)	(292.226)	(317.133)
Samtals		(87.101)	(290.098)	(476.719)	(166.196)	(294.998)	(421.498)
Handbært fé frá rekstri		1.153.329	616.323	777.218	2.149.255	1.441.511	1.893.011
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(771.183)	(455.660)	(527.365)	(1.443.685)	(1.247.660)	(1.060.580)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(19.301)	0	(55.301)	(19.301)	0	(55.301)
Söluverð rekstrarfjármuna		7.400	0	2.750	7.400	0	2.750
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði		0	0	0	(51.296)	0	(57.047)
Söluverð íbúðarhúsnæðis		0	0	0	23.000	15.000	0
Gatnagerðagjöld		13.573	0	33.454	13.573	0	33.454
Eignarhlutir í félögum, breyting		(48.475)	(50.000)	(102.044)	(41.106)	(50.000)	(102.044)
Langtímakröfur, breyting		46	10.486	46	46	12.143	46
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting		26.765	26.422	24.504	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(791.174)	(468.752)	(623.956)	(1.511.368)	(1.270.517)	(1.238.721)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		138.847	(76.162)	413.647	0	0	0
Tekin ný langtímalán	18	0	20.000	27.700	0	20.000	27.700
Afborganir langtímalána	18	(366.213)	(371.071)	(377.131)	(455.469)	(463.038)	(473.576)
Afborganir leiguskulda	19	(16.659)	(19.623)	(15.171)	(23.127)	(27.242)	(21.062)
Aðrar skuldbindingar, breyting	17	2.770	0	(2.844)	2.770	0	(2.844)
Fjármögnunarhreyfingar		(241.254)	(446.855)	46.201	(475.826)	(470.279)	(469.782)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		120.900	(299.284)	199.463	162.060	(299.285)	184.507
Handbært fé í ársbyrjun		828.852	411.560	629.389	830.746	411.560	646.239
Handbært fé í árslok		949.752	112.276	828.852	992.807	112.275	830.746

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Fjarðabyggð er sveitarfélag á Austurlandi og var fjöldi íbúa þess 5.228 þann 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtæðuársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hludeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Eignarhaldsfélagið Hraun ehf. auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Fjarðabyggðar, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Fjarðabyggðarhafnir og Sorpmiðstöð.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gagnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsejanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir	15-25 ár
------------------	----------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélag eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélag A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

h. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð að því marki sem talið er að það nýtist.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

j. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

k. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

l. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennt áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennt áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

m. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

q. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 22.

r. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 26.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	5.108.961	4.976.166	4.729.138	5.108.961	4.976.166	4.729.138
Fasteignaskattur	1.116.743	1.123.552	1.060.915	1.096.257	1.107.187	1.043.246
Lóðarleiga	142.555	142.564	131.551	142.555	142.564	131.551
	6.368.259	6.242.282	5.921.605	6.347.772	6.225.917	5.903.935
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	389.336	378.543	393.043	389.336	378.543	393.043
Útgjaldajöfnunarframlag.....	556.397	291.886	190.491	556.397	291.886	190.491
Framlög vegna fræðslumála.....	672.605	750.426	611.632	672.605	750.426	611.632
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	378.545	419.871	346.890	378.545	419.871	346.890
Framlög til sameiningarverkefna.....	0	0	80.215	0	0	80.215
	1.996.883	1.840.726	1.622.271	1.996.883	1.840.726	1.622.271
Skatttekjur samtals.....	8.365.142	8.083.008	7.543.875	8.344.656	8.066.643	7.526.206
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	1.361.753	1.203.984	1.209.721	3.886.141	3.507.806	3.528.972
Rekstrartekjur samtals	9.726.896	9.286.993	8.753.596	12.230.796	11.574.449	11.055.178

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun	4.494.479	4.657.964	4.060.930	4.789.759	5.086.114	4.352.537
Launatengd gjöld	1.093.201	1.123.239	981.340	1.160.765	1.220.309	1.050.025
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	10.554	10.626	10.554	12.211	12.283	12.211
Annar starfsmannakostnaður.....	58.265	49.606	47.596	63.001	51.661	49.921
Laun og launatengd gjöld samtals	5.656.498	5.841.435	5.100.420	6.025.736	6.370.368	5.464.695

	2025	2024
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	441	468
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	387	378
Ársverk.....	384	376
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	98.272	99.704

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Vaxtatekjur og verðbætur	64.286	36.420	57.851	66.176	38.288	67.545
Arður af eignarhlutum.....	4.221	5.000	4.221	4.221	5.000	4.221
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(154.788)	(127.239)	(215.933)	(449.344)	(461.038)	(543.584)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(274.682)	(292.054)	(268.188)	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(360.963)	(377.873)	(422.058)	(378.947)	(417.750)	(471.818)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	8.526.264	8.238.245	7.694.882
Félagsþjónusta	(896.275)	(943.086)	(882.736)
Heilbrigðismál	(3.098)	(3.179)	(3.181)
Fræðslu- og uppeldismál	(4.202.476)	(4.204.772)	(3.845.032)
Menningarmál	(277.193)	(324.086)	(280.744)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.335.317)	(1.329.887)	(1.245.414)
Brunamál og almannavarnir	(345.708)	(299.721)	(269.862)
Hreinlætismál	(9.167)	(7.804)	(5.799)
Skipulags- og byggingarmál	(82.248)	(68.926)	(61.910)
Umferðar- og samgöngumál	(555.011)	(528.257)	(533.159)
Umhverfismál	(372.251)	(332.699)	(326.175)
Atvinnumál	(37.625)	(45.930)	(33.587)
Sameiginlegur kostnaður	(372.761)	(523.985)	(335.735)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar	(590.959)	(290.062)	(269.441)
Óvenjulegir liðir	0	0	195.824
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(90.991)	(145.499)	(63.672)
Aðalsjóður samtals	(644.815)	(809.646)	(265.742)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	629.019	796.373	544.697
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf	158.075	210.053	128.804
Samband sveitarfélaga á Austurlandi bs.	7.361	2.681	10.499
Innri færslur	524	0	524
A hluti samtals	150.164	199.461	418.782
B hluta fyrirtæki:			
Hitaveita Fjarðabyggðar	19.346	68.668	41.662
Fráveita	103.722	133.086	99.096
Vatnsveita	78.926	83.966	89.331
Fjarðarbyggðarhafnir	477.812	126.443	436.471
Félagslegar íbúðir	30.042	16.163	(20.451)
Sorpmiðstöð	(36.036)	(15.705)	(7.234)
Innri færslur	25.675	(0)	19.632
A og B hluti	849.652	612.083	1.077.290

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A hluti:					
Heildarverð 1.1.2025.....	14.312.532	1.181.839	469.069	183.816	16.147.256
Endurmat lóða og lendna	285.554	0	0	0	285.554
Keypt á árinu	721.479	24.390	11.741	0	757.610
Selt á árinu	(45.647)	0	(12.555)	0	(58.202)
Heildarverð 31.12.2025.....	15.273.919	1.206.228	468.255	183.816	17.132.218
Afskrifað 1.1.2025.....	(4.659.883)	(618.717)	(345.390)	(93.857)	(5.717.847)
Afskrift færð út	6.268	0	11.300	0	17.568
Afskrifað á árinu	(242.043)	(47.288)	(21.381)	(7.872)	(318.584)
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	(4.895.657)	(666.005)	(355.471)	(101.729)	(6.018.863)
Bókfært verð 1.1.2025.....	9.652.649	563.122	123.679	89.959	10.429.409
Bókfært verð 31.12.2025.....	10.378.261	540.223	112.783	82.088	11.113.355
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	0-20%	4-20%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A og B hluti:					
Heildarverð 1.1.2025.....	14.973.660	13.177.683	568.540	256.637	28.976.520
Endurmat lóða og lendna	285.554	0	0	0	285.554
Keypt á árinu	739.611	689.103	52.693	0	1.481.407
Selt á árinu	(63.522)	0	(12.555)	0	(76.078)
Heildarverð 31.12.2025.....	15.935.303	13.866.786	608.677	256.637	30.667.403
Afskrifað 1.1.2025.....	(5.047.410)	(6.451.495)	(402.729)	(125.696)	(12.027.330)
Afskrift færð út	18.557	(1.812)	13.111	0	29.857
Afskrifað á árinu	(256.785)	(399.264)	(31.280)	(11.046)	(698.375)
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	(5.285.638)	(6.852.571)	(420.898)	(136.742)	(12.695.848)
Bókfært verð 1.1.2025.....	9.926.250	6.726.188	165.811	130.941	16.949.190
Bókfært verð 31.12.2025.....	10.649.665	7.014.215	187.780	119.895	17.971.555
Afskriftarhlutföll	0-4%	4%	0-20%	4-20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Leikskólinn Dalborg - stækkun.....	207.768	145.000	62.768
Fjarðabyggðarhöllin.....	185.863	165.660	20.203
Skólahúsnæði Eskifirði - endurbætur.....	52.597	0	52.597
Skáli.....	33.163	33.000	163
Skólahúsnæðið á Breiðdalsvík.....	1.962	10.000	(8.038)
Gamli barnaskólinn Eskifirði - lóðaframkvæmd.....	10.392	20.000	(9.608)
